

Sambandsmálið.

Seyðfirðingar samþykktu á þingmálafundi svohljóðandi tillögu í sambandsmálinu með 38 atkv. gegn 31:

Fundurinn skorar á alþingi að samþykkja lög um samband Danmerkur og Íslands, er tryggja Íslandi fullveldi í eigi minna mæli en því ber samkvæmt Gamla sáttmála, án þess, að nokkur þau réttindi, er það nú hefir, sé af hendi látin.

Önnur tillaga hafði komið fram á fundinum og hafði hún, að því er sagt er, gengið eindregið í skilnaðaráttina, en var aldrei borin upp, með því að ofangreind tillaga hlaut meiri hluta atkvæða.

Vopnfirðingar höfðu samþykkt tillögu mjög líkt orðaða og þá, er samþykkt var á Seyðisfirði.

Vinsala.

Nýkominn »Austri« skýrir frá því, að helztu gjaldendur Seyðisfjarðar-kaupstaðar hafi fyrir skömmu haldið fund með sér til þess að ræða um, hvort bærinn skyldi setja á stöfn vín-sölu á Seyðisfirði. Hafi það verið samþykkt með 16 atkv. gegn 4 að þetta skyldi gert og bíði málið aðgerða bæjarstjórnarinnar.

Þrívægis hefir verið synjað um vín-sölu á Seyðisfirði á síðustu árum. Var þetta gert á almennum borgara-fundum. En samkvæmt gildandi lög-um þarf ekki að bera það undir borg-arafund, hvort leyfi til verzlunar á-fengra drykkja skuli veitt, það fer eftir tillögu viðkomandi bæjarstjórnar.

Síra Björn Þorláksson hefir skrifað um mál þetta í Austri og leggur ein-dregið á móti því, að þessi samlags-verzlun með vinföng nái fram að ganga. Hann endar mál sitt á þessa leið: »Hér á Seyðisfirði er verið að reyna að efla og útbreiða otdrykkju. Að því stefnir þetta mál. Hér er um óhæfu að ræða, sem allir góðir menn verða að reyna að bæla niður. Að verða fytjandi þessa vín-sölu máls, er ekki einungis skömm, það er líka að bíta höfuðið af skömminni.«

Svo munu margir mæla.

Ráðherraefni.

Sú frétt flaug hér fyrir, þegar »Ceres« var hér á ferðinni, að ráð-herra H. Hafstein hafi í utanför sinni bent á tvö ráðherraefni úr andstæð-ingaflokki frumvarpsins. Áttu það að vera þeir Dr. Valtýr Guðmundsson og Kristján Jónsson háyfirdómari. Fylgdi það og sögunni, að skipunarbréfið hefði hann í vasanum og ætti sjálfur að skrifa undir skipun þess, er meiri hluti þingsins aðhyllist.

Nl. selur ekki sögu þessa dýrara en það keypti hana.

Riddarakrossar.

Með Ceres fréttist að þessir væru nýlega sæmdir riddarakrossum af kon-ungi:

Árni Jónsson próf. á Skútustöðum.
Pétur Jónsson alþm. á Gautlöndum.
Guðjón Guðlaugsson kaupfélagsstjóri á Ljáfustöðum.

Sighvatur Bjarnason bankastjóri.

Sigfús Eymundsson agent.

Kjartan Einarsson próf. á Holti.

Alt trúrra þjóna verðlaun!

Vestur-Skaftfellingar.

hafa á þingmálafundum sínum samþykkt svofelda ályktun í

Sambandsmálinu:

Fundurinn er mótfallinn frumvarpi millilandanefndarinnar nema því að eins að á því verði gerðar svo víðtækar breytingar að Ísland verði trygt fullveldi yfir öllum sínum málum í kon-ungssambandi við Danmörku.

Þessar ályktanir voru þar og samþykktar ásamt mörgum fleirum:

Stjórnarskrárbreyting:

a. Geri næsta þing breytingu á stjórnarskránni telur fundurinn meðal annars nauðsynlegt að afnema þingsetu konungkjörinna manna, en láta þjóðkjörinna koma í þeirra stað.

b. Kosningarrétt og kjörgengi til alþingis vill fundurinn veita jafnt konum sem körlum, er hafa náð ákveðnu aldurstakmarki og hafa óflekkað mannorð, án tillits til stöðu eða gjalds til almenningsþarfa.

Aðflutningsbann:

Fundurinn óskar eftir algerðu aðflutningsbanni á áfengum drykkjum og skorar á þingmanninn að fylgja því fast fram.

Útdráttur úr

Þinggerð U. M. F. þings Norðlendingafjórðungs

1909.

Þingið var haldið í Góðtemplara-húsinu á Akureyri dagana 4., 5. og 6. febrúar.

12 fulltrúar voru mættir.

Þessi mál tók þingið til meðferðar:

1. Þingsköp. Samin og samþykkt þingsköp.

2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fjórðungsins fyrir síðastliðið ár og samþykktir.

3. Íþróttamót og hátíðarhald 17. júní. Í þeim málum voru samþykktar svohljóðandi tillögur:

a. Fjórðungsþing Norðlendinga-fjórðungs skorar á sambandsstjórn U. M. F. Í. að hún fari fram á það nú þegar við fræðslumálstjórn landsins, að hún sjái svo um, að samin verði sem allra fyrst handhæg kenslubók fyrir Íslenska íþróttamenn, svo sem í leikfimi, sundi, glímum, skíða- og skautiferðum o. fl.

b. Fjórðungsþing Norðlendinga-fjórðungs skorar á fjórðungsstjórnina og sambandsstjórn U. M. F. Í. að hlutast til um að alment íþróttamót verði árlega haldið í sambandi við væntanlegt hátíðarhald 17. júní.

c. Fjórðungsþingið skorar á fjórðungsstjórnina að beita sér fastlega fyrir því að 17. júní verði gerður að almennum frídegi í fjórðungnum til minningar um Jón Sigurðsson. Til þess álitur þingið heppilegt að hverju félagi í Norðlendingafjórðungi verði falin framkvæmd þessa máls í sinni sveit. Enn fremur að íþróttamót Norðlendinga verði haldið þann dag, á þeim

stað og í þeirri sýslu, sem fjórðungsstjórn ákveður. Þó skal þess jafnan gætt, að íþróttamótin séu haldin til skittis í sýslunum.

d. Fjórðungsþing Norðlendinga-fjórðungs skorar á fjórðungsstjórnina að sækja um styrk til sýslufélaganna í Norðlendinga-fjórðungi alt að 100 kr. til hvers sýslufélags til styrktar U. M. F. í nefndum fjórðungi til þess að koma upp hjá sér leikvöllum.

4. Útgáfa blaðs. Í því máli samþykktar svohljóðandi tillögur:

a. Þingið skorar á stjórn fjórðungsins, að gangast fyrir því, að safnað verði hlutabréttum innan hvers félags, til þess að koma á fót málagnir fyrir U. M. F. Í.

b. Þingið skorar á nefnd þá, sem kosin var á sambandsþingi síðastliðið vor, til þess að koma blaðinu á fót, að gera sitt frasta til að það geti orðið, ekki síðar en á næsta hausti.

5. Útbreiðsla U. M. F. og fyrirlestarmál. Svohljóðandi tillögur samþykktar:

a. Fáist enginn styrkur úr lands-sjóði til fyrirlestra í U. M. F. Í. þá skorar þingið á stjórn fjórðungsins—sjái hún sér fært — að ráða hæfan mann til að ferðast um fjórðunginn og halda fyrirlestra, minsta kosti einn fyrirlestur fyrir hvert félag.

b. Þingið skorar á fjórðungsstjórnina að leitast við að útbreiða ungmennafélagsskapinn sem mest í Norðlendingafjórðungi.

Hverju U. M. F. í nefndum fjórðungi skal skylt að kjósa 3 menn eða fleiri í útbreiðslunefnd. Og skulu nefndir þessar eftir mætti vinna að útbreiðslu félagsskaparins í nágrenni sínu, og gefa fjórðungsstjórninni ítarlegar skýrslur um störf sín, og hefir fjórðungsstjórnin eftirlit og umsjón með starfa þessum.

Kostnað þann, sem óhjákvæmlega leiðir af starfi útbreiðslunefndanna, svo sem fyrir ferðalög,—greiða hlutaðeigandi félög að $\frac{2}{3}$ en fjórðungssjóður $\frac{1}{3}$.

6. Þegnskylduvinna: Í því máli var borin upp og samþykkt svohljóðandi tillaga:

Þingið telur þegnskylduvinnu nauðsynlega hér á landi, og fellir sig í öllum aðalatriðum við tillögur

Hermanns Jónasonar um fyrirkomulag hennar í ritgerð hans í »Andvara« árið 1908. Þingið skorar því á sambandsstjórn U. M. F. Í. að leggja þetta mál fyrir hina fjórðunga sambandsins. Verði þeir málinu fylgjandi, þá skorar þingið á sambandsstjórnina að beitast fyrir því að málið verði lagt fyrir alþingi Íslendinga árið 1911.

7. Móðurmálið. Svohljóðandi tillaga samþykkt:

skorar þingið því á fræðslumála-fjórðungsþing Norðlendingafjórðungs álitur að skortur á heppilegum kenslubókum í móðurmálinu sé einhver helzta ástæðan til þess, hve það er blandað erlendum og óheppilegum orðum og

stjórn Íslands að láta gefa út kenslubók í Íslenskri málfraði við alþýðuhæfi, og sömuleiðis nýja lesbók fyrir unglinga.

Þingið skorar á öll U. M. F. að gera alt sem í þeirra valdi stendur til þess að vekja löngun og áhuga manna fyrir því að tala og rita fagra og hreina Íslenzku, og álitur þingið að það mundi hafa góð áhrif á málið að félagsmenn læsu fornsögur Íslendinga með athygli.

8. Útrýming tóbaksnautnar: Þessi tillaga samþykkt í því máli:

Þing Norðlendingafjórðungs skorar á fjelögin í fjórðungnum að vinna að útrýming tóbaksnautnar hvert í sinni sveit.

Einnig skorar það á sambandsstjórn U. M. F. Í. að vekja áhuga fyrir útrýming tóbaksnautnar í öðrum fjórðungum sambandsins.

9. Næsta íþróttamót fyrir Norðlendingafjórðung ákvað þingið að haldið yrði á Akureyri 17. júní næsta ár, og kaus 5 manna nefnd til að aðstoða stjórnina í því efni. Kosningu hlutu:

Lárus J. Rist, kennari, Akureyri.

Þórhallur Bjarnarson, prentari, s. st.

Halldór Friðjónsson, kennari, s. st.

Jónas Þórarinnsson, s. st.

Laufey Pálsdóttir, ungfrú, s. st.

10. Kosin stjórn fjórðungsins til næsta árs:

Formaður: Erlingur Friðjónsson, búfræðingur, Akureyri.

Ritari: Bernharð Stefánsson, kennari, Þverá.

Féhirðir: Kristján Sigurðsson, gagnfræðingur, Dagverðareyri.

Vara-formaður: Jónas Þórarinnsson, Akureyri.

Vara-ritari: Jón Kristjánsson, kennari, Glæsibæ.

Vara-féhirðir: Halldór Friðjónsson, kennari, Akureyri.

11. Kosnir til að endurskoða reikninga fjórðungsins fyrir næsta ár: Hallgrímur Hallgrímsson og Árni Sigurðsson.

Þinggerð lesin upp og samþykkt.

Þingi slitið.

Karolína Guðlaugsdóttir,
pt. forseti.

Jónas Þórarinnsson
ritari.

Veðráttá

frá 7.—13. febrúar 1909.

	Ak.	Gr.	Sf.	Bl.	Ís.	Rv.	Þh.
S.	6.0	2.2	8.0	6.5	3.8	3.5	4.5
M.	2.0	1.8	4.4	1.5	0.5	1.0	5.6
Þ.	0.0	3.2	4.2	0.2	0.4	0.5	6.1
M.	5.5	8.0	3.3	5.5	6.7	4.0	3.3
F.	1.2	4.5	5.4	2.5	4.3	1.5	0.4
F.	6.6	2.2	6.5	6.2	2.2	3.9	4.7
L.	3.5	0.0	5.4	3.1	2.3	3.6	7.8

TÚN til leigu hjá
Gránufélaginu.

SÚ, sem tók í misgrípum svart hrokkið sjál á skemtisamkomu »Skjaldborgar« skili því sem fyrst, og vitji um sitt hjá Guðbirni Björnssyni.

HÚSNÆÐI til leigu hjá
Gránufélaginu.

„Stóð sólin kyr á
Jósúa dögum?“
vitnisburður vísindamanna; verður efn-
ið rætt á Sjónarhæð á morgun, kl. 5.
Altir velkomnir.